

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Fjármálakafli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Almennt um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 er gert ráð fyrir endurskoðun sveitarstjórnarlaga til að fylgja eftir framþróun í starfsemi sveitarfélaga og tryggja að ákvæði laganna séu skýr og aðgengileg. Hluti af endurskoðuninni snýr að fjármálakafla sveitarstjórnarlaga. Samkvæmt 8. tölul. bráðabirgðaákvæðis við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skal endurskoða ákvæði laga um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku.

Starfshópur, skipaður fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, var falið það hlutverk að móta tillögur um endurskoðun ákvæða laga um fjármál sveitarfélaga og skilaði skýrslu þess efnis í febrúar 2022. Vinnuhópi innviðaráðuneytisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga var síðan falið að taka nánari afstöðu til tillagna hópsins og leggja til breytingar á fjármálakaflanum, eftir atvikum í samráði við reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Þær breytingar sem hópurinn er með til skoðunar eru eftirfarandi:

Ársreikningar sveitarfélaga - 59. gr. og 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Til skoðunar er að árétta það með orðalagsbreytingum á umræddum lagaákvæðum, að kveðið verði á um það með skýrum hætti að ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur sem settar eru á grundvelli laganna um gerð ársreiknings og bókhald, gangi framur öðrum lögum og að lög um ársreikninga séu þeim til fyllingar.

Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum - 60. gr. sveitarstjórnarlaga

Til skoðunar er að mæla fyrir um að flokkun á starfsemi sveitarfélaga verði færð nánar í átt að skilgreiningum í starfsemi ríkisins í lögum um opinber fjármál sbr. 50. gr. laga nr. 123/2015.

Fjármálastefna og fjármálaáætlun – 62. gr.

Til skoðunar er að leggja til ný meginákvæði um fjármálastjórn sveitarfélaga, þ.m.t. tillögur um að sveitarfélög skulu setja sér annars vegar fjármálastefnu sem er stefna sveitarfélags um markmið í fjármálum sveitarfélagsins og hins vegar fjármálaáætlun, sem felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, nánari sundurliðun á markmiðum fjármálastefnu og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Verður lagt til að fjármálastefna og fjármálaáætlun verði sett til fimm ára í stað þriggja.

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagstöðu sveitarfélaga 64. gr.

Til skoðunar er að leggja til að jafnvægisregla 64. gr. nái yfir A-hluta, en ekki eingöngu samstæðu A- og B-hluta, og að miða verði við rekstrarniðurstöðu skv. ársreikningi í stað þess að líta til síðasta ársreiknings, útkomuspá ársins og fjárhagsáætlun.

Ábyrg meðferð fjármuna 65. gr.

Til skoðunar er að fjalla nánar um það hvað telst vera varðveiting fjármuna með ábyrgum hætti. Ákvæðið verður einnig tekið til nánari skoðunar samhliða greiningu á atvinnupátttöku sveitarfélaga.

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar 66. gr.

Til skoðunar er að lækka það hlutfall af skatttekjum sveitarfélags sem einstaka fjárfesting sveitarfélags getur numið áður en sveitarfélaginu verði skylt að leggja fram faglegt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Einnig er til skoðunar að fjalla nánar um erlenda lántöku sveitarfélaga.

Heimild til að gangast í ábyrgðir 69. gr.

Til skoðunar er að fjalla nánar um heimildir sveitarfélaga til að gangast í ábyrgðir og til lánveitinga til félaga í eigu þeirra. Ákvæðið verður jafnframt tekið til nánari skoðunar samhliða greiningu á reglum um atvinnuþátttöku sveitarfélaga.

Sameining reikningsskila- og upplýsinganefndar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Til greina kemur að sameina reikningsskila- og upplýsinganefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og styrkja hlutverk nýrrar nefndar til að hafa

Úrræði fjárhaldsstjórnar skv. 89. gr.

Til skoðunar er að leggja til breytingar á úrræðum fjárhaldsstjórnar, m.a. felld verði brott að fjárhaldsstjórn geti einhliða ákveðið að leita nauðasamnings fyrir sveitarfélag þannig að ekki orki tvímælis að sveitarfélög hafi skýra skyldu til að standa við gerð lánasamninga þannig að ekki komi til nauðasamninga né gjaldþrotaskipta.